

**38. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. nóvember og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

- a) Fjárhagsáætlun 2017-2020 (fyrri umræða)
- b) Fundargerðir
- c) Erindi til hreppsnefndar
- d) Laugaland, framkvæmdir og viðhald
- e) Næsti fundur hreppsnefndar

**Gengið til dagskrár:**

**1. Fjárhagsáætlun 2017-2020 (fyrri umræða)**

Undir þessum lið mætti Björgvin Guðmundsson frá KPMG. Hann kynnti drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2017-2020 og forsendur á bak við áætlunina. Í kjölfar umræðna var fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu sem fer fram á 39. fundi hreppsnefndar 14. desember nk. Samþykkt.

**2. Fundargerðir**

- a) **119. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 23. október sl. mál nr. 12 og 13 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 12. 1610008 - Ásmúli 1A Inr 224540: Gistihús fyrir ferðaþjónustu: Breyting á nýtingu lóðar: Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn Kristjáns Hilmarssonar dags. 2. október 2016 um hvort að heimilt verði að setja niður 5-10 um 35 fm hús ásamt einu 80 fm húsi á landi Ásmúla sem nýta á fyrir ferðaþjónustu.

Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu.

*Að mati skipulagsnefndar samræmist fyrirhuguð uppbygging gildandi aðalskipulagi en telur að vinna þurfi deiliskipulag fyrir svæðið og er fyrsta skrefið í því að vinna lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

**Mál nr. 13. 1610014 - Sumarliðabær 2 165307 og Sumarliðabær 2 lóð Inr 217623: Aukið byggingarmagn og breytt nýting lóða: Deiliskipulag**

Lögð fram umsókn Svarthöfða-Hrossarækt ehf. dags. 6. október 2016 um deiliskipulag fyrir Sumarliðabæ 2 í Ásahreppi. Fyrirhugað er að nýta jörðina undir hestaræktun og eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, reiðhöll og tengibyggingar, gestahús, reiðvöll o.fl.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi og mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa hana skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

- b) **7. fundur Odda bs. haldinn 24 október sl.**

Lagt fram til kynningar.

- c) **22. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn 25. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **50. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 26. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

**e) 38. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 31. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f) 11. fundur (símafundur) Húsakynna bs. haldinn 22. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**g) 8. fundur Odda bs. haldinn 4. nóvember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**h) 12. fundur Húsakynna bs. haldinn 4. nóvember sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2. 1601025 - Leiguíbúðir Húsakynna bs. vegna sölu íbúða við Fossöldu 1 og Giljatanga.**

*Fossalda 1:*

*Tillaga um að fela formanni að setja húsið á sölu.*

*Samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun stjórnar

*Giljatangi:*

*Tillaga um að gera viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2016 fyrir Húsakynni bs. að upphæð 8.2 m til kaupa á 10.4 ha lands í Nefsholti II. Viðaukinn kallar ekki á aukin fjárframlög frá aðildarsveitarfélögum og verður fjármagnað með handbæru fé.*

*Samþykkt með 2 atkvæðum (IPG, YKJ), 1 situr hjá (KÖ)*

Hreppsnefnd hafnar fyrirbyggjandi tillögu en telur sjálfsagt að land Rangárbings ytra verði boðið til sölu samhliða fasteignunum samanber bókun á 30. fundi hreppsnefndar 13.04.2016 undir lið 2. fundargerðir, m).

**i) 46. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 4. nóvember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**3. Erindi til hreppsnefndar**

**a) Erindi frá nemendum í 9. bekk Laugalandsskóla um að styrkja útgáfu skólablaðs sem gefið er út árlega.**

Samþykkt að kaupa heilsíðu auglýsingu, 20.000 kr.

**b) Beiðni frá Bandalagi íslenskra skáta um styrk í útgáfu Skátablaðsins.**

Hafnað.

**c) Beiðni frá Þorbirni Hreini ábúanda í Ásmúla um nýja rotþró þar sem núverandi rotþró er brotin/ónýt.**

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður fundarins.

**d) Fjárbeiðni frá Stígamótum fyrir árið 2017.**

Samþykkt að veita styrk að kr. 10.000.

**e) Beiðni um niðurfellingu á húsaleigu og 30.000 kr. styrk frá Kvenfélaginu Einingu í Holtum vegna aðventuhátíðar sem haldin verður á Laugalandi 27. nóvember nk.**

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti niðurfellingu á afnotum á Laugalandi vegna hátíðarinnar.

Samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, KÖ og NJ) að veita hátíðinni styrk að upphæð 30.000 kr.

BJJ greiðir atkvæði á mót greiðslu á styrk.

**4. Laugaland, framkvæmdir og viðhald**

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Bjarna Jóni Matthíassyni starfsmanni Eignaumsjóna. Í lok árs 2015 var áfallinn kostnaður við útikennslustofu kr. 4.435.305 og 6.820.630 kr. á klórgeymslu. Enginn kostnaður hefur fallið til á yfirstandandi ári og klórgeymslan telst fullkláruð en enn gæti orðið til einhver kostnaður vegna útisvæðisins svo það teljist fullklárað.

Rif á Mýrarkoti er á áætlun fyrir þetta ár hjá Þjónustumiðstöðinni á Hellu.

Lagt fram tilboð frá Altis í endurnýjun á gervigrasi á Laugalandi. Hlutur Ásahrepps í framkvæmdinni er 1.615.472 kr.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tilboð fyrir sitt leyti.

### 5. Næsti fundur hreppsnefndar

Verður miðvikudaginn 14. desember nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

#### Til kynningar:

- A. 513. fundur SASS.
- B. Námskeið hjá KPMG í nóvember og desember.
- C. Til umsagnar: Drög að nýrri reglugerð um heimagistingu o.fl.
- D. Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2016.
- E. Ársfundur Náttúruverndarnefnda og Umhverfisstofnunar.
- F. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- G. Fundargerð 843. fundar stjórnar sambandsins.
- H. Fróðleikur um íbúasamráð í Svíþjóð.
- I. Landsþing og fjármálaráðstefna 2017.
- J. Afmælistíðing Félags stjórnsýslufræðinga 10. nóv. - Nýskipan í ríkisrekstri: Hvað gerðist, hvernig fór, hvað svo?
- K. Fundargerðir stjórnarfunda Markaðsstofu Suðurlands.
- L. Hvatningarbréf - dagur gegn einelti 8. nóvember.
- M. 1608009SA - Umsögn sambandsins um erindi er varða lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.
- N. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands.
- O. Heilsueflandi samfélag á Suðurlandi: Vinnustofur fös. 11. nóv.
- P. Uppbyggingarsjóður Suðurlands.
- Q. Nýr rammisamningur um þjónustu hjúkrunarheimila.
- R. Mannréttindi barna.
- S. 249. fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.
- T. Uptaka erinda frá skólamálaþing KÍ 5. október 2016.
- U. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga-skólaakstur.
- V. Ársátíð Rangárþings ytra og Ásahrepps.
- W. Útgáfa landsskipulagsstefnu.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. xx:xx

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)